

SAMTÖK SVEITARFÉLAGA  
Í VESTURLANDSKJÖRDÆMI

---

Bjarnarbraut 8 - IS-310 BORGARNES - Pósthólf 32 - Sími 93-71318 - Fax 93-71494

Borgarnesi 24. janúar 1995.

Erindi nr. P 118/966

Komudagur 26/1 1995

Menntamálanefnd Alþingis  
Ágústa H. Lárusdóttir  
Þórshamri við Templarasund  
150 Reykjavík

Stjórn Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi og Fræðsluráð Vesturlandsumdæmis hafa sameiginlega farið yfir frumvarp til laga um grunnskóla og sendum yður hér með eftirfarandi álitsgerð um frumvarpið.

Við höfum jafnframt kynnt okkur ýmis gögn um málið og viljum lýsa yfir stuðningi við umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarpið en í henni koma fram þau atriði, sem mikilvægust eru af hálfu sveitarfélaga til ábendinga og breytingartillagna við fyrirliggjandi frumvarp. Við leyfum okkur þó að áréttu hér nokkur mikilvæg atriði:

- a) stuðning við meginmarkmið frumvarpsins um flutning alls reksturs grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga. Með því er sveitarstjórnarstigið eftt og ábyrgð þess aukið en það er út af fyrir sig mjög mikilvægt þjóðfélagslegt markmið.
- b) áherslu á að fullt samkomulag náist um flutning tekjustofna til sveitarfélaga til að mæta raunverulegum kostnaðarauka þeirra vegna flutnings verkefnisins og þeim auknu skyldum, sem á sveitarfélög verða lögð við framkvæmd laganna í framtíðinni.
- c) mikilvægi þess að vald sveitarstjórna vegna reksturs og skipulags skólastarfs verði aukið og meiri sveigjanleiki leyfður á mörgum sviðum. Ekki þarf að minna háttvirta menntamálanefnd Alþingis nú á fjölbreytni þjóðlífs okkar til sjávar og sveita og mismunandi aðstæður í byggðum landsins.

# SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Í VESTURLANDSKJÖRDÆMI

---

Bjarnarbraut 8 - IS-310 BORGARNES - Pósthólf 32 - Sími 93-71318 - Fax 93-71494

Markmið frumvarpsins um markvisst og gott skólastarf um land allt getur náðst betur með auknum sveigjanleika rekstraraðila um framkvæmdina.

d) áhuga fyrir því að ýmis verkefni ríkisins t.d. eftirlit og mat vegna skólastarfs, upplýsingaöflun og upplýsingamiðlun verði áfram unnin sem næst starfsvettvangi skóla heima í kjördæmum landsins. Það er mikilvægt byggðapólitískt og faglegt markmið að þjónusta samfélagsins verði sem mest unnin sem næst notendum hennar.

e) vilja til að víðtæk samstaða geti orðið um þennan mikilvæga verkefnaflutning milli ríkisvalds, sveitarfélaga, foreldra, og þeirra starfsstétta, sem koma að framkvæmd málsins. Minnt er á tillögu Sambands íslenskra sveitarfélaga um samráðsnefnd og á fyrirvara landsþings sambandsins.

Um einstakar greinar frumvarpsins hefur verið rætt og samþykkt að taka undir athugasemdir og ábendingar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Auk þess leyfum við okkur að benda á eftirfarandi atriði:

Í 2.grein er texti um að skólinn skuli efla skilning nemenda á skyldum einstaklingsins við samfélagið. Er ekki samræmi í að einnig sé reynt að efla skilning nemenda á réttindum þeirra í samfélaginu? Í gamla daga var það grundvallaratriði að samfélagsþjónustan væri stofnuð fyrir fólkið í landinu! Orðalagsbreytingartillaga að orðin "réttindum og" komi inn í 5.línu.

Með tilvísun til d-liðar hér að framan er ástæða til að benda á að sérstakir starfsmenn eða trúnaðarmenn menntamálaráðuneytisins, staðsettir úti í kjördæmunum, geti annast "söfnun og dreifingu upplýsinga um skólahald og skólastarf" ásamt eftirliti smbr. 5.,9. og 10.grein.

Í 11.grein er fjallað um samstarf sveitarfélaga um rekstur skóla án þess þó að minnst sé á ákvæði 98.greinar sveitarstjórnarlaga, sem á margan hátt eru gleggri um verkefni byggðasamlaga t.d. fyrir skóla.

Það er skoðun okkar að virk foreldrafélög séu mikilvæg fyrir innra starf skóla. Hefð er fyrir því í dreifbýli landsins að áhugasamir foreldrar séu valdir í

*SAMTÖK SVEITARFÉLAGA  
Í VESTURLANDSKJÖRDÆMI*

---


Bjarnarbraut 8 - IS-310 BORGARNES - Pósthólf 32 - Sími 93-71318 - Fax 93-71494

skólanefnd. Við teljum því æskilegt að efla hlutverk þessara aðila og að verkefni foreldraráðs verði í höndum skólanefndar og stjórnar foreldrafélagsins. Heimilt verði að stofna foreldraráð ef foreldrafélag starfar ekki.

Í 31.grein eru nýmæli um skólanámsskrá sérhvers skóla. Við leggjum til að skólanámsskrá verði lögð fyrir stjórn foreldrafélags, skólanefnd og sveitarstjórn ár hvert smbr. athugasemdir hér að ofan. Eftir fyrirhugaðan verkefnaflutning verður rekstur grunnskóla mikilvægasta og stærsta rekstrarmál hverrar sveitarstjórnar. Sveitarstjórnir verða mun virkari til þátttöku um öll málefni grunnskólans og sérstök umfjöllun á þeim vettvangi um skólanámsskrá skólastjórnar er því mjög mikilvæg fyrir starfssemina.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar SSV og fræðsluráðs Vesturlands



Guðjón Ingvi Stefánsson